

22/11 '94

Minnisblað

- AFRIT -  
Alþingi

Til Tómasar Inga Olrich  
Frá aðstoðarmanni umhverfissráðherra

Erindi nr. P 118 /227  
komudagur 24 /11 1994

Efni: Frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar.

Frumvarpið var lagt fram á 117. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er lagt fram nú með nokkrum breytingum, sem taka nokkurt mið af þeim athugasemdum sem fram komu við frumvarpið í umræðum á Alþingi og umsögnum sem umhverfisnefnd bárust.

Mikil samstaða var meðal heimamanna um frumvarpið þegar það var fyrst lagt fram.

Helstu breytingarnar á frumvarpinu eru þessar:

- 1) Markmið frumvarpsins eru skýrð betur og tekur frumvarpið nú einnig til verndar á menningarsögulegum minjum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt Þjóðminjalögum og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála. Í samræmi við þetta er gerð tillaga um að Þjóðminjasafnið fái fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.
- 2) Breiðafjarðarnefnd skal vinna sérstaka vörsluáætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Gert er ráð fyrir samráði við sveitarfélög og aðra sem málið varðar.
- 3) Fellt er út ákvæði þess efnis að leyfi ráðherra þurfi vegna hvers konar mannvirkjagerðar og jarðrasks á svæðinu sem lögin taka til. Þess í stað er lögð áhersla á gerð skipulagsáætlanna. Markmiðið með þessu er að draga úr miðstýringu og auka frumkvæði heimamanna. Þar sem ekki eru til staðar samþykktar skipulagsáætlanir er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.
- 4) Ákvæði um náttúrurannsóknarstöð eru gerð ýtarlegri og taka mið af ákvæðum um náttúrustofur kjördæma í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands. Ríkið greiðir einn starfsmann og stofnkostnað til helminga við

sveitarfélög. Annar rekstrarkostnaður greiðist af þeim sveitarfélögum sem eru aðili að rannsóknarstöðinni.